Aðalfundur Golfklúbbsins Keilis 2026

verður haldinn þriðjudaginn 8. desember nk.
í Golfskála Keilis

Fundurinn hefst stundvíslega kl. 19:30

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

2. Skýrsla stjórnar

3. Reikningar lagðir fram til samþykkis

4. Lagabreytingar

5. Stjórnarkosning

6. Kosning fulltrúa og varafulltrúa í samtök, sem Keilir er aðili að

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga eða endurskoðunarfyrirtækis

8. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2027

9. Önnur mál

Stjórn Golfklúbbsins Keilis



Tillögur til lagabreytinga

Lög Golfklúbbsins Keilis – aðalfundur 8. desember 2026

Eftirfarandi tillögur til breytinga á lögum Golfklúbbsins Keilis verða lagðar fyrir aðalfund undir 4. lið dagskrár, *Lagabreytingar*. Hér eru aðeins birtar þær greinar sem breytast. Aðrar greinar laganna (5.–7., 9., 10., 12., 14., 15. og 17.–19. gr.) haldast óbreyttar.

Skýringar: Undirstrikaður texti bætist við ~~Yfirstrikaður texti~~ fellur brott

1. gr.

Félagið heitir Golfklúbburinn Keilir (GK) kennitala 680169-6919. Heimili þess og varnarþing er á Hvaleyri í Hafnarfirði.

Félagið er aðili að Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar (ÍBH), Golfsambandi Íslands (GSÍ) og Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) og er háð lögum, reglugerðum og samþykktum íþróttahreyfingarinnar.

2. gr.

Markmið Keilis er iðkun golfíþróttarinnar, rekstur og viðhald golfvalla og aðstöðu í því skyni, efling lýðheilsu og stuðla að öflugu barna- og unglingastarfi í Hafnarfirði.

Starfsemi félagsins er rekin í þeim eina tilgangi að þjóna framangreindum almannaheillamarkmiðum þess og án ágóðavonar fyrir félagsmenn. Óheimilt er að úthluta arði, hagnaði eða öðrum eignum og fjármunum félagsins til félagsmanna, stjórnarmanna eða annarra einkaaðila.

Félaginu er heimilt að stunda takmarkaða atvinnustarfsemi til fjáröflunar innan þeirra marka sem leiða má beint af tilgangi þess, svo sem rekstur golfvalla, æfingaaðstöðu, golfskála, veitingasölu fyrir félagsmenn og gesti, sölu vallargjalda, golfbúðar og aðra grasvallaþjónustu.

Allur rekstrarafgangur sem kann að myndast af starfsemi félagsins skal nýttur í þágu hins skilgreinda tilgangs félagsins.

3. gr.

Lögð er fram tillaga að nýrri 3. gr. sem kemur í stað núgildandi greinar í heild sinni.

NÚGILDANDI 3. GR. – FELLUR BROTT

~~Innganga er öllum frjáls, að fengnu samþykki klúbbstjórnar.~~

~~Stjórn skal ákveða hámarksfjölda félagsmanna hverju sinni miðað við þá aðstöðu til golfleiks sem félagið getur boðið hverju sinni. Æski fleiri félagsaðildar en unnt er að verða við skal setja umsækjendur á biðskrá. Stjórn skal setja og birta reglur um biðskrána.~~

NÝ 3. GR.

Félagsaðild skal vera öllum þeim frjáls sem gangast undir lög og reglur félagsins. Stjórn félagsins skal þó vera heimilt að takmarka þátttöku í félagsstarfi vegna ytri aðstæðna, svo sem eftir því sem aðstæður til þjálfunar og iðkunar leyfa hverju sinni.

Stjórn skal ákveða hverju sinni hámarksfjölda þeirra félagsmanna sem heimilt verður að nýta golfvelli og aðra íþróttaaðstöðu félagsins og skulu upplýsingar þess efnis vera aðgengilegar félagsmönnum. Heimilt skal vera að setja þá félagsmenn sem ekki geta notið aðstöðunnar á biðskrá og skal stjórn félagsins setja og birta reglur um biðskrána.

Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram greiðslu samþykktra félagsgjalda.

4. gr.

Félagsgjöld, þar á meðal ~~flatarfé~~ flatargjöld, skulu ákveðast af stjórn félagsins strax er samþykkt fjárhagsáætlun liggur fyrir samkvæmt 13. gr. ~~Stjórnin ákveður einnig gjalddaga og eindaga félagsgjalda.~~ Framkvæmdastjóri að höfðu samráði við stjórn ákveður gjalddaga og eindaga félagsgjalda. Hafi árgjald ekki verið greitt eða samið um greiðslu þess innan mánaðar frá eindaga þess er félagsstjórn heimilt að ~~fella viðkomandi af félagaskrá og taka inn félaga af biðskrá í hans stað~~ takmarka aðgang viðkomandi að golfvöllum og þjónustu félagsins.

8. gr.

Stjórn Keilis skipa sjö félagsmenn. Stjórnin skal kosin á aðalfundi. Formann stjórnar skal kjósa sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára, þrír hvert ár. Framboð til stjórnar skulu berast skrifstofu Keilis eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Heimilt er að hafa kosningar með rafrænum hætti. Stjórnin skiptir með sér verkum og kýs m.a. varaformann sem er staðgengill formanns. Fundargerðir skulu haldnar um fundarstörf stjórnar. Ársreikningar félagsins skulu skoðaðir og áritaðir af skoðunarmönnum reikninga sem skulu kosnir á aðalfundi félagsins eða endurskoðaðir af endurskoðunarfyrirtæki. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum í félaginu, nema annars sé getið í lögum þessum. Stjórn er ályktunarhæf þegar fimm stjórnarmenn sækja fund, þar á meðal formaður eða staðgengill hans. Verði atkvæði jöfn á stjórnarfundi telst tillaga að svo stöddu fallin og skal hún þá tekin til afgreiðslu að nýju eins fljótt og kostur er að viðstöddum öllum stjórnarmönnum. Kjörgengir til stjórnarstarfa eru allir lögráða félagsmenn. Atkvæðisrétt á félagsfundum og kjörgengi til annarra trúnaðarstarfa hafa allir félagsmenn sem skuldlausir eru við ~~klúbbinn~~ félagið og orðnir eru fullra sextán ára á fundardegi.

Stjórnarmenn skulu undanþegnir árgjöldum.

Stjórnin ræður félaginu framkvæmdastjóra og ákveður ráðningarkjör hans.

Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri félagsins í samræmi við stefnumörkun stjórnar.

Firma félagsins rita stjórnarformaður eða framkvæmdastjóri.

Stjórnin skipar fulltrúa og varafulltrúa í þau samtök, sem Keilir er aðili að.

11. gr.

Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald um málefni félagsins.

Aðalfund skal halda fyrir desemberlok ár hvert.

Til hans skal boða með mest fjögurra vikna og minnst ~~10~~ 14 daga fyrirvara á tryggilegan hátt.

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um málefni félagsins sé löglega til hans boðað.

Í fundarboði skal greina sundurliðaða dagskrá.

Óheimilt er að taka ákvörðun um önnur mál en þau sem kynnt hafa verið í dagskrá fundarins.

13. gr.

Störf aðalfundar eru:

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmd á síðastliðnu ári.
2. Reikningar lagðir fram til samþykkis.
3. Stjórnarkosning.
~~4. Kosning fulltrúa og varafulltrúa í þau samtök, sem Keilir er aðili að.~~
~~5~~ 4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga eða endurskoðunarfyrirtækis til eins árs í senn.
~~6~~ 5. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykkis.
~~7~~ 6. Önnur mál

Fundargerðir skulu haldnar um störf aðalfundar.

16. gr.

Til lagabreytinga þarf samþykki ~~2/3 – tveggja þriðju hluta –~~ 3/4 – þrjá fjórðu hluta – mættra félagsmanna á aðalfundi eða aukaaðalfundi og skal tillögunnar hafa verið getið í fundaboði.

20. gr.

Komi fram tillaga um að félaginu skuli slitið skal hún tekin fyrir á sérstökum fundi sem stjórnin boðar til með sama hætti og gildir um aðalfund. Fundurinn er ályktunarhæfur ef minnst helmingur félagsmanna sækir fundinn. Tillaga um slit telst samþykkt ef ~~2/3~~ 3/4 – þrír fjórðu hlutar – fundarmanna samþykkja hana.

Mæti ekki nægilega margir má boða til fundar á ný og halda hann innan þriggja vikna. Sá fundur er ályktunarhæfur án tillits til fundarsóknar og fær tillagan gildi ef ~~2/3~~ 3/4 – þrír fjórðu hlutar – fundarmanna samþykkja hana.

Komi til slita á félaginu skulu hreinar eignir þess renna óskiptar til annars aðila með sambærilegan tilgang til almannaheilla, nánar tiltekið til Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) til eflingar golf- og íþróttastarfi í Hafnarfirði í samráði við Hafnarfjarðarbæ. Með öllu er óheimilt að úthluta eignum eða fjármunum félagsins til félagsmanna eða annarra einstaklinga við félagsslit.

21. gr. (ný grein)

Lög þessi og síðari breytingar á þeim öðlast gildi þegar þau hafa verið samþykkt á aðalfundi. Lögin skulu hljóta staðfestingu stjórnar Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) og framkvæmdastjórnar ÍSÍ, sbr. lög ÍSÍ.

Stjórn Golfklúbbsins Keilis